

STARFSLÝSING AÐSTOÐARVERKEFNASTJÓRA KLÚBBS

Aðstoðarverkefnastjóri klúbbs er kosinn á aðalfundi til tveggja ára í senn. Hann má endurkjósa til tveggja ára.

HÆFNISKRÖFUR

Aðstoðarverkefnastjóri klúbbs skal hafa til að bera:

1. Yfirgripsmikla þekkingu og áhuga á verkefnavinnu Alþjóðasambands Soroptimista (SI), Evrópusambands Soroptimista (SI/E), Soroptimistasambands Íslands og klúbbs síns.
2. Ábyrgð og áhuga á að stýra og samhæfa verkefnavinnu klúbbs.
3. Almenna reynslu af verkefnavinnu.
4. Góða hæfni í munnlegri og skriflegri tjáningu á öðru hvoru eða báðum opinberu tungumálum SI/E (frönsku og/eða ensku).
5. Mjög góða tölvufærni.

ÁBYRGÐ

1. Að kynna verkefnakjarna (Programme Focus Objectives) SI, SI/E og SI/Í, svo og verkefni sem Sameinuðu þjóðirnar eiga frumkvæði að, með því að vinna með sínum klúbbi og gefa klúbbfélögum ráð og leiðbeiningar.
2. Að vinna með verkefnastjóra klúbbs, verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra Landssambands og gefa þeim skýrslur um starfsemi klúbbsins.
3. Við lok kjörtímabils síns skal aðstoðarverkefnastjóri klúbbs afhenda án tafar öll gögn og skjöl til eftirmanns síns til að tryggja samhengi í störfum embættisins en jafnframt vera til staðar til ráðgjafar.

SÉRSTÖK VERKEFNI

Í upphafi hvers stjórnartímabils skulu verkefnastjóri og aðstoðarverkefnastjóri klúbbs ákveða hvernig þeir skipta með sér verkum úr starfslýsingu embættanna. Þeir skulu upplýsa verkefnastjóra/ aðstoðarverkefnastjóra Landssambands innan mánaðar hver beri ábyrgð á hverju verki.